

ANTIKA EHF 2023

Ljárskógar

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Tóft [157]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-44-4

Verkefnanúmer MÍ: 3120

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Fornleifaskráning og skráningarsvæðið	8
Tilgangur fornleifaskráningar	9
Fornleifaskráning og aðferðir	13
Minjanúmer	13
Tegund, hlutverk og heiti	13
Staðsetning	14
Staðhættir og lýsing	14
Hættumat	14
Mótvægisáðgerðir	15
Fornleifar á svæðinu	15
Ljárskógar [94]	15
Leið [3120-147] gata	16
Varða? [3120-148] samgöngubót	17
Stekkur [3120-149] heimild	17
Varða? [3120-150] samgöngubót	18
Uppsátur [3120-151] vör og varða? [152] samgöngubót	19
Leið [3120-153] gata	20
Varða? [3120-154] kennimark	23
Ljárskóganaust [3120-155] heimild	24

Vörðubrot? [156] og varða? [157] kennimörk	25
Varða? [3120-158] kennimark.....	28
Rétt – stekkur? [3120-159] tóft	28
Vörður [3120-160] og [3120-161] samgöngubætur	33
Varða [3120-163] samgöngubót og leið [3120-162] gata	36
Samantekt og niðurstöður.....	38
Heimildir	41
Árnastofnun – Örnefnasafn	41

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.	2
Mynd 2. Skráningarsvæðið og staðsetning minja.	8
Mynd 3. Skráningarform Dalabyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	12
Mynd 4. Varða [148] t.v. við leið [147] t.h.	16
Mynd 5. Varða [150] er áberandi úr fjarlægð þótt hún sé ekki há í lofti.	17
Mynd 6. Varða [150].	18
Mynd 7. Vör sem gæti hafa verið notuð sem uppsátur [151].	19
Mynd 8. Vör [151] og varða [152].	19
Mynd 9. Varða [152].	20
Mynd 10. Leið [153] og varða [152].	21
Mynd 11. Leið [152] hefur legið meðfram strandlengjunni og upp með ánni Fáskrúð.	21
Mynd 12. Minjar á norðurhluta skráningarsvæðis.	22
Mynd 13. Varða [154]. Horft norðvestur.	23
Mynd 14. Varða [154] stendur á klettahæð.	23
Mynd 15. Vörðubrot [156].	25
Mynd 16. Miðhluti skráningarsvæðis – norðar.	26
Mynd 17. Vörðubrot [156] fremst, varða [157] aftast og náttúruleg þúst lengst t.h.	27
Mynd 18. Varða [157] er óvenjuleg í laginu.	27
Mynd 19. Varða [158] eða náttúruleg þúst.	28
Mynd 20. Miðhluti skráningarsvæðis – sunnar. Tóft [159] og varða [158].	29

Mynd 21. Tóft [159] er á kafi í hávöxnum gróðri.	30
Mynd 22. Vestra hólfið í tóft [159] líkist á lengdar þúfnabreiðu.	30
Mynd 23. Tóft [159] við eystri mörk skipulagssvæðis.	31
Mynd 24. Eystra hólfið í tóft [159]. Veggir sjást skýrar og eru hærri en í vestra hólfinu.	32
Mynd 25. Varða [161] séð neðan frá hæðinni sem hún stendur á.	33
Mynd 26. Varða [161] er fremst og varða [160] fjær. Horft norður.	34
Mynd 27. Varða [160].	34
Mynd 28. Minjar á suðurhluta skráningarsvæðis.	35
Mynd 29. Horft norður eftir leið [162]. Varða [163] stendur á brúninni v.m.	36
Mynd 30. Varða [163].	36
Mynd 31. Varða [163] uppi á kletti.	37
Mynd 32. Tafla yfir skráðar fornleifar, ástand og minjagildi.	38

Inngangur

Að beiðni Arnaldar Schram, fyrir hönd Studio A Schram slf., tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar í landi Ljárskóga, norðan Búðardals. Fyrirhugað er að reisa sumarbústaðabyggð á svæðinu en nákvæmt skipulag liggur ekki fyrir. Skráningin fékk verkefnanúmerið 3120 hjá Minjastofnun Íslands.

Á svæðinu fannst stór tóft, uppsátur, þrjár leiðir og nokkrar þústir sem gætu verið vörður. Sérstaklega þarf að gæti að tóftinni sem er alveg upp við þjóðveg. Þústirnar eru ef til vill náttúrulegar en virðast samt hafa þjónað sem kennimörk og eru því hafðar með hér. Allar þessar minjar hafa þó lítið minjagildi nema tóftin sem hefur mikið minjagildi.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu en Hermann Jakob Hjartarson annaðist kortagerð.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið



Mynd 2. Skráningarsvæðið og staðsetning minja.

Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram á jörðinni Ljárskógum. Gengið var um allt svæðið, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skráningarsvæðið er samtals um 47 ha. og liggur frá suðri til norðurs meðfram strandlengjunni neðan Vestfjarðavegar. Það afmarkast af veginum að austan og Hvammsfirði að vestan og er aflíðandi halli á landinu niður að sjó. Að norðan nær það að mynni árinna Fáskrúðar en að sunnan eru mörkin nokkuð norðan við húsið Ljárskógaland, norðan árinna Ljár sem jörðin er kennd við. Svæðið nær yfir svokölluð Ljárskógamörk, landræmu sem liggur utan eða suðvestan við Ljárskóga og er ysti oddi jarðarinnar sem afmarkast af Hvammsfirði og ánni Ljá.¹

Landið er vaxið mosa og lyngi og einkennandi eru lágir grasi grónir klettahólar með grasi þústum sem minna á vörður. Norðan megin á svæðinu er timburfjárrétt sem enn er notuð við réttir. Um miðbikið er sumarbústaðurinn Kletthóll. Jarðstrengir frá RARIK liggja eftir svæðinu endilöngu þannig að það nú þegar mjög raskað.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna,

¹ Hallgrímur Jónsson, 1982, 45; Ö-Ljárskógar HJ, 2.

bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

159, Rétt /stekkur, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Name	Rétt /stekkur
Class	Arkeologiska object
Minj_id	3120-159
Sérheiti	
Bæjarnafn	Ljárskógar
Jarðatal Johnsen	94
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Tóft
Efni	Torf og grjót
Lengd	21 meter
Breidd	7.5 meter
Veggjahæð frá	0.8 m
Veggjahæð til	1.2 m
Breidd veggjar	1
Umhverfi	Mikil gróður sunnan við þjóðveginn.
Svæði	<None>
Örnefnaskrá	
Aldur frá	1800
Aldur til	1930
Skráning	RKT
Mæling	Uppmæling
Dagur	04.09.2023
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Mikil hætta
Hættuorso	<None>
Ástand	Greinanlegar fornleifar
Minjagildi	Mikið
Gróður	Gras, mosi
Friðað	Já
Hlutverk	Rétt

Mynd 3. Skráningarform Dalabyggðar, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Ljárskóga. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Ljárskóganaust „[155]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Dalabyggð.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis naust. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis uppsátur [151].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Dalabyggðar. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa tvær fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu

Ljárskógar [94]

Ljárskógar hafa verið innan landnáms Auðar djúpúðgu sem nam öll Dalalönd í innanverðum Breiðafirði frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár og bjó sjálf í Hvammi við Hvammsfjörð.² Jörðin er ekki nefnd í *Landnámu* en gæti þó hafa byggst um landnám eða fljótlega eftir það. Þorsteinn Kuggason, afkomandi landnámskonununnar, bjó þar frá síðari hluta 10. aldar, sennilega þangað til hann var veginn árið 1027, og hefur mögulega tekið við ábúðinni af föður sínum, Þorkeli kugga. Þorsteinn kemur víða við í *Íslendinga sögum* og vann sér ýmislegt til frægðar sem of langt mál er að rekja hér.³ Sérlega eftirtektarverð er þó frásögn af rauðablásturssmiðju hans í Ljárskógum þar sem Grettir Ásmundarson vann með honum við járnsmíðar veturinn sem hann hafði skjól hjá Þorsteini.⁴ Tóft frá smiðju sem hefur verið í notkun öldum saman er varðveitt í túninu á Ljárskógum og rannsökuðu Daniel Bruun og Finnur Jónsson hana meðal annars árin 1908-1909.⁵ Í Ljárskógum eru tvær friðlýstar rústir, meint hofþótt og kirkjurúst.⁶ Jörðin er einnig nefnd í *Íslenzku fornbréfasafni* í sambandi við kolviðarhögg.⁷

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var jarðardýrleiki Ljárskóga 40 hundruð árið 1703. Jörðin var í eigu Jóns Arnórssonar búanda og höfðu eigendur um langa tíð

² *Íslensk fornrit*, I, 1968, 139.

³ Hér vísast til samantektar Hallgríms Jónssonar, 1982, 138-155.

⁴ *Íslensk fornrit*, VI, 1936, 172-174.

⁵ Bruun og Finnur Jónsson, 1909, 310-311; *Smiðjur*; Ö-Ljárskógar HJ, 3; Hallgrímur Jónsson, 1982, 144-148.

⁶ *Skrá um friðlýstar fornleifar*, 1990, 17.

⁷ *Íslenskt fornbréfasafn*, IV, 1897, 666.

sjálfir búið á henni.⁸ Hún var áfram metin 40 hundruð árið 1947, eigendur þá tveir og þar var tvíbýli.⁹ Þrjú sel voru í Ljárskógum, Neðstasel um 5 km frá heimabænum, Miðsel eða Ljárskógasel 5 km lengra inni á heiðinni en þar ólst skáldið Jóhannes úr Kötlum (1899-1972) upp og Fremstasel sem var 7-8 km lengra í burtu.¹⁰ Jón Jónsson (1914-1945) söngvari og skáld var hins vegar fæddur að Ljárskógum.¹¹ Gamli Ljárskógabærinn brann til kaldra kola árið 1978.

Leið [3120-147] gata

Gata eða stígur liggur norðvestur frá Þjóðvegi í átt að timburbyggðri fjárrétt sem enn er í notkun. Handan vegarins má sjá að hún heldur líka áfram í suðaustur með stefnu á gamla bæjartúnið. Stígurinn er sennilega enn í notkun en gæti þó verið gamall. Hann hefur lítið minjagildi.



Mynd 4. Varða [148] t.v. við leið [147] t.h.

⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VI, 1938, 80.

⁹ Johnsen, 1847, 166.

¹⁰ Hallgrímur Jónsson, 1982, 69.

¹¹ Essbald, 2016.

Varða? [3120-148] samgöngubót

Fast vestan við götu [147] þar sem hún byrjar vestan þjóðvegarins er yfirgróinn varða eða þúst á klapparhól. Hún nær um 0,5 m hæð og þetta gæti verið náttúruleg þúst en tengingin við götuna bendir þó frekar til að þarna sé kennimark. Þessi mögulega varða hefur lítið minjagildi.

Stekkur [3120-149] heimild

Samkvæmt Hallgrími Jónssyni voru fimm stekkir í Ljárskógalandi, einn þeirra „heimarlega í Mörkinni [þ.e. Ljárskógamörk] og skammt frá sjó. Hann átti ekkert heiti utan Stekkur, enda jafnan sagt út á stekk, er þýddi aðeins þennan stekk, en hann var í um það bil km fjarlægð frá bænum. Hann var hinn eini stekkur, er var í notkun fram yfir aldamót, þrátt fyrir nafnleysið.“¹² Þessi stekkur við sjó fannst ekki en kannski hefur hann verið staðsettur þar sem nú er timburfjárrétt, fast utan við skipulagsmörkin.



Mynd 5. Varða [150] er áberandi úr fjarlægð þótt hún sé ekki há í lofti.

¹² Hallgrímur Jónsson, 1982, 52.

Varða? [3120-150] samgöngubót

Norðarlega á svæðinu, skammt frá mynni árinna Fáskrúðar, trónir varða á klapparhól. Hún er um 0,5 m að hæð og yfirgróin grasi líkt og vörðustæðið sjálft, þ.e. hæðin sem hún stendur á. Þetta gæti verið náttúruleg þúst af sama tagi og aðrar slíkar á þessu svæði en virðist þó fremur vera varða. Hún hefur lítið minjagildi.



Mynd 6. Varða [150].

Uppsátur [3120-151] vör og varða? [152] samgöngubót

Mynd 7. Vör sem gæti hafa verið notuð sem uppsátur [151].



Mynd 8. Vör [151] og varða [152].

Við ós árinna Fáskrúðar er vör [151] sem gæti verið rudd að hluta til og hefur ef til vill verið notuð sem uppsátur. Smá varða [152] á klettastalli ofan við vörina vekur athygli á henni.

Varðan er 0,4 m há, með grjóti, gróin grasi, og gæti verið náttúruleg þúst en þetta er þó kennimark sem vísar á vörina, auk þess sem hún liggur við leið [153].

Vörin og varðan hafa lítið minjagildi.



Mynd 9. Varða [152].

Leið [3120-153] gata

Gömul leið liggur framhjá vörðunni og vörinni og má rekja hana áfram í norður meðfram bakkanum við árósin. Þjóðvegurinn sker hana en framhaldið sést handan hans. Þessa leið má einnig rekja áfram í suður. Hún er ógreinileg og augsýnilega gömul, slitnar í sundur á köflum og þegar sunnar dregur hverfur hún undir nýlegri akstursspor og jarðstreng en hefur líklega áfram meðfram strandlengjunni. Leiðin hefur lítið minjagildi.



Mynd 10. Leið [153] og varða [152].



Mynd 11. Leið [152] hefur legið meðfram strandlengjunni og upp með ánni Fáskrúð.



Mynd 12. Minjar á norðurhluta skráningarsvæðis.

Varða? [3120-154] kennimark



Mynd 13. Varða [154]. Horft norðvestur.



Mynd 14. Varða [154] stendur á klettahæð.

Stök varða er á klettahæð neðan þjóðveg, neðan og norðvestan bæjartúns Ljárskóga. Hún er alveg yfirgróin grasi og miðað við hve margar náttúrulegar þústir eru á svæðinu gæti þessi líka verið náttúruleg. Hún minnir þó eindregið á vörðu og er því túlkuð sem kennimark en hefur lítið minjagildi.

Ljárskóganaust [3120-155] heimild

Í örnefnalýsingu segir Hallgrímur Jónsson: „Kletthóll, lítill grjóthóll [153] beint niður af túninu, niður af honum við sjóinn Háuklettar, klettar við sjóinn, ekki allháir en ókleifir; dálítið innar Naustin, uppsátur sem var í notkun fram undir síðustu aldamót eða þar til Búðardalur byggðist. Oft komu bátar „utan undan Jökli“, eins og það var kallað, að vorlagi með kaupafólk í Dali og lenti í Ljárskóganaustum; hafði það þá jafnan meðferðis skreið og önnur sjóföng en fór aftur að hausti og flutti þá með sér landbúnaðarvörur svo sem skinn í sjóklæði, ull, smjör og tólg. Þá var jafnan glatt á hjalla í Ljárskógum er slíkir gestir voru á ferð enda þótt bærinn væri í þjóðbraut og þar löngum margt um gesti alla tíma árs. Hér voru sjaldsénir fuglar á ferð og fagnað eins og farfuglum vorsins.“¹³

Hallgrímur taldi báta hafa komið að landi í Ljárskóganaust „árlega langt aftur í aldir, einkum að vorlagi, en þá var kaupafólk að hópast í sveitirnar, einkum [...] af Snæfellsnesi. Bátar þessir voru að meira eða minna leyti hlaðnir skreið og trofski og öðru sjávarfangi, er bændur keyptu og spöruðu sumir þeirra sér á þann hátt langar og erfiðar skreiðarferðir, sem algengar voru þá úr þessum byggðarlögum. Þegar svo haustaði að var bátum aftur ýtt úr vör. Þá hélt kaupafólkið aftur til síns heima og hafði nú fullhlaðna báta af ýmsum landbúnaðarvörum er það hafði unnið og svitnað fyrir í kaupavinnunni. Þar voru húðir og skinn, er ætluð voru í sjóklæði og skófatnað, slátur, kjöt og ull, smjör og tólg. Mestur hluti kaups mun hafa verið goldinn í vörum, auk þeirra vöruskipta, er tíðkuðust að öðru leyti á þessu árabili.“¹⁴ Í Ljárskógum var beði eftir „þessum landkrabbasjóurum“ í svokölluðu Gleðiholti fyrir neðan tún og tekið á móti þeim með pönnukökur og lummur. Naustin sem „áður varðveittu báta hlið við hlið“ þó að týnast „nema að nafninu til“ þegar Hallgrímur ritaði sögu jarðarinnar fyrir um

¹³ Ö-Ljárskógar HJ, 8.

¹⁴ Hallgrímur Jónsson, 1982, 48-49.

fjörutíu árum síðan.¹⁵ Enda fundust engar minjar um Ljárskóganaust og ekki var hægt að ákveða nákvæma staðsetningu þeirra. Mögulega hafa þau verið sunnan skráningarsvæðinsins, nær Búðardal.

Vörðubrot? [156] og varða? [157] kennimörk



Mynd 15. Vörðubrot [156].

Í örnefnalýsingu segir: „Nónhóll, eyktamark, bunguvaxinn grjóthóll vestur og niður af túninu.“¹⁶ Neðan þjóðvegjar, vestan Ljárskógatúns og ofan sumarbústaðarins Kletthóls eru þrjár áberandi þústir á gróinni klettahæð. Kannski er það Nónhóll. Sú nyrsta [154] er einungis grjóthrúga, um 0,2 að hæð, en líkist vörðubroti, sú í miðið er greinilega náttúruleg og sú syðsta virðist vera varða. Hún er ögn hærri en hinar vörðurnar á svæðinu eða um 0,7 m, yfirgróin grasi en neðst sést einnig í uppreista hellu. Hún er ekki uppmjó heldur sérkennilega ferhyrnd í laginu. Þessar vörður hafa lítið minjagildi og eru ekki í hættu vegna framkvæmda, þær eru skammt frá skipulagssvæðinu en samt utan formlegra marka þess.

¹⁵ Hallgrímur Jónsson, 1982, 48-49.

¹⁶ Ö-Ljárskógar HJ, 3.



Mynd 16. Miðhluti skráningarsvæðis – norðar.



Mynd 17. Vörðubrot [156] fremst, varða [157] aftast og náttúruleg þúst lengst t.h.



Mynd 18. Varða [157] er óvenjuleg í laginu.

Varða? [3120-158] kennimark

Á klettahól allnokkru sunnar á svæðinu er þúst eða varða, um 0,4 m há. Hún er grasi gróin með grjóti neðst en ef til vill er hún frekar náttúruleg. Hún hefur lítið minjagildi.



Mynd 19. Varða [158] eða náttúruleg þúst.

Rétt – stekkur? [3120-159] tóft

Sunnar á svæðinu í laut milli klettahæðar og þjóðvegarins er stór tvískipt tóft. Hún liggur í svolitlum halla norðvestur – suðaustur og er 21 x 7,5 m að utanmáli. Eystri tóftin er stærri og greinilegri og ná veggir 0,8-1,3 m hæð. Þegar að er gáð sést hleðslugrjót vel í 1-2 m breiðum veggjunum. Vestri tóftin virðist útflattari og óskýrari þannig að erfitt er að greina útlínur veggja, þústir eru áberandi og botninn skilur sig frá þeim. Hún virðist meira hrúin og er veggjahæð 0,5-1 m. Sýnilega hefur ekki verið innangengt milli hólfanna tveggja en inngangar í þau hvort um sig eru að sunnanverðu. Tóftirnar eru á kafi í hávöxnu grasi, ekki áberandi og þarf þjálfuð augu til að sjá þær en þó mjög greinilegar þegar þreifað er fyrir þeim. Sennilega sjást þær þó betur á árstíma þegar gróðurinn er minni.



Mynd 20. Miðhluti skráningarsvæðis – sunnar. Tóft [159] og varða [158].



Mynd 21. Tóft [159] er á kafi í hávöxnum gróðri.



Mynd 22. Vestra hólfíð í tóft [159] líkist álengdar þúfnabreiðu.



Mynd 23. Tóft [159] við eystri mörk skipulagssvæðis.



Mynd 24. Eystra hólfið í tóft [159]. Veggir sjást skýrar og eru hærri en í vestra hólfinu.

Tóftin er suðaustan Ljárskógatúns og er spurning hvort megi tengja hana stekkjarrústum sem samkvæmt Hallgrími Jónssyni voru beint suðaustur af bænum. Stekkurinn var nafnlaus eða þá að hann var nefndur Stekkjarlágastekkur en Hallgrímur var ekki viss um hvort það nafn hefði verið mikið notað.¹⁷ Hún virðist þó heldur stór til að vera stekkur en þetta gæti verið lítil rétt.

Fast norðan við tóftina má sjá akstursspor í hávöxnu grasinu, sennilega nýlegt og gæti verið eftir sexhjól sem notuð eru þegar kindurnar eru reknar í réttir á svæðinu.

Tóftin hefur mikið minjagildi og er í hættu, bæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda og nálægðar við þjóðveginn. Það eykur hættuna hve hún sést illa fyrir gróðri því ekki er augljóst að þarna leynist minjar sem þarf að gæta að.

¹⁷ Hallgrímur Jónsson, 1982, 51-52.



Mynd 25. Varða [161] séð neðan frá hæðinni sem hún stendur á.

Vörður [3120-160] og [3120-161] samgöngubætur

Uppi á hólum á hæðarhrygg sunnar á svæðinu eru tvær grasi grónar þústir sem gætu verið vörður eða kennimörk. Þær eru um 0,5 m háar. Sú nyrðri [160] er á klapparhól nálægt þjóðveginum en sú syðri [161] er á grónari hól. Ef þetta eru vörður hafa þær lítið minjagildi.



Mynd 26. Varða [161] er fremst og varða [160] fjær. Horft norður.



Mynd 27. Varða [160].



Mynd 28. Minjar á suðurhluta skráningarsvæðis.

Varða [3120-163] samgöngubót og leið [3120-162] gata



Mynd 29. Horft norður eftir leið [162]. Varða [163] stendur á brúninni v.m.



Mynd 30. Varða [163].

Enn þá sunnar uppi á sömu hæðarbrún má rekja brot af gamalli götu [162] sem liggur frá norðaustri til suðvesturs. Lítil yfirgróin varða [163] eða þúst, er við syðri endann. Að sunnanverðu undir henni er um 2ja m hár klettur. Þessi mögulega varða er um 0,5 m að hæð og gæti verið náttúruleg en virðist þó vera kennimark við götuna. Sé þetta varða hefur hún lítið minjagildi.



Mynd 31. Varða [163] uppi á kletti.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru sautján minjar sem teljast fornleifar og sjást fimmtán á yfirborði en tvær eru þekktar af heimildum. Ekki er hægt að meta hvort minjarnar séu í hættu þar eð nákvæmt skipulag framkvæmda liggur ekki fyrir.

Minj_id	Hlutverk	Tegund	Horfin	Ástand	Minjagildi
3120-147	Leið	Gata	Að hluta	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-148	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-149	Stekkur	Heimild	Já	Ekki sést til fornleifa	Ekki metið
3120-150	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-151	Uppsátur	Rutt svæði	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-152	Kennimark	Varða ?	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-153	Leið	Gata	Að hluta	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-154	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-155	Naust	Heimild	Já	Ekki sést til fornleifa	Ekki metið
3120-156	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-157	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-158	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-159	Rétt	Tóft	Nei	Greinanlegar fornleifar	Mikið
3120-160	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-161	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-162	Leið	Gata	Að hluta	Greinanlegar fornleifar	Lítið
3120-163	Kennimark	Varða	Nei	Greinanlegar fornleifar	Lítið

Mynd 32. Tafla yfir skráðar fornleifar, ástand og minjagildi.

Meðal fimmtán sýnilegra minja eru níu klettahólar með þústum sem minna á kennimörk [148 / 150 / 152 / 154 / 156 / 157 / 158 / 160 / 161 / 163] en óljóst er hvort um sé að ræða manngerðar vörður, yfirgrónar grasi, eða náttúrumyndun. Tvær þeirra, [156] og [157], eru auk þess rétt utan marka skipulagssvæðisins neðan vegar og eru því ekki í neinni hættu. Vörðurnar eða þústirnar eru allar staðsettar uppi á klettahæðum og yfirgrónar grasi þótt í þeim sjáist grjót. Flestar eru ekki meira en um 0,5 m að hæð en þær sjást engu að síður langt að. Sumar þústir á þessu svæði hafa augsýnilega myndast náttúrulega og voru því ekki mældar. Aðrar fá að njóta vafans og voru því mældar og staðsettar. Þær hafa þó lítið minjagildi þannig að ef til vill nægir uppmælingin en Minjastofnun Íslands metur það.

Við ós árinna Fáskrúðar nyrst á svæðinu fannst vör [151] sem líklega hefur verið nýtt sem uppsátur. Hún er staðsett í flæðarmálinu. Uppi á klettabrún hjá henni er áberandi varða eða þúst [152]. Vörin og möguleg varða hafa lítið minjagildi og eru vegna staðsetningar fremur í hættu vegna ágangs sjávar en framkvæmda því varla verður byggt út í flæðarmálið.

Gömul leið [153] liggur meðfram ánni, framhjá vörinni og áfram suður með sjónum. Hún er mjög ógreinileg, slitnar sundur og hverfur á köflum undir yngri akstursspor sem mynduð hafa verið við lagningu jarðstrengja. Sama á við um aðra leið [162] sem fannst sunnar á svæðinu og er ein af vörðunum eða þústunum [163] staðsett við hana. Þriðja leiðin [147] er nokkuð skýr og augsýnilega enn í notkun en þó sennilega líka af gömlum uppruna því hún liggur í beinni stefnu frá bæjartúni Ljárskóga í átt að timburfjárrétt. Þetta eru ekki þjóðleiðir og þær hafa lítið minjagildi. Hér sem annars staðar metur Minjastofnun hvort uppmæling dugi eða hvort frekari aðgerða sé þörf.

Um miðbik svæðisins, alveg uppi við þjóðveginn, fannst stór tvískipt tóft [159] hlaðin úr torfi og grjóti og nánast í hvarfi af hávöxnum gróðri en þó mjög greinileg. Hlutverk hennar er óþekkt en þetta gæti verið lítil rétt. Tóftin hefur mikið minjagildi og gæti verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, ekki síst vegna þess að hún er nánast ósýnileg í gróðrinum. Hér þyrfti mögulega að afmarka svæðið kringum tóftina með einhverjum hætti til að verja hana en samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar þarf að gera ráð fyrir að minnsta kosti 15 m friðhelguðu svæði kringum þekktar fornleifar.¹⁸ Minjastofnun ákveður hvað þarf að gera.

Ljárskóganaust [155] sem getið er um í heimildum og stekkur [149] niðri við sjó fundust ekki. Staðsetning er auk þess óljós og gæti verið utan svæðis.

Jarðstrengir frá RARIK liggja eftir svæðinu endilöngu og samfara þeim eru akstursspor sem augsýnilega hafa verið mynduð þegar þeir voru lagðir. Allmikið rask hefur því nú þegar átt sér stað á svæðinu. Hafi minjar verið þar sem strengirnir liggja eru þær horfnar. Með hliðsjón af þessu kom á óvart að fornleifaskráning skyldi ekki hafa farið fram á svæðinu áður.

¹⁸ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.¹⁹

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“²⁰

¹⁹ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 38. gr.

²⁰ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 21. gr.

Heimildir

Bruun, Daniel og Finnur Jónsson. (1909). Om hove og hovudgravninger på Island. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, 245-316.

Hallgrímur Jónsson. (1982). *Hver einn bær á sína sögu: Ljárskógar í Dölum, frásagnir af fólki og atburðum, þjóðsögur, örnefnasögur og annar fróðleikur*. Akranes: Hörpuútgáfan.

Íslenzkt fornbréfasafn, IV. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzk fornrit (I). (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (VI). (1938). Kaupmannahöfn: Hið Íslenska fræðafjelag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Essbald. (2016). *Ljárskógar í Laxárdal*. Sótt 19. september 2023 á: <https://afangar.com/listasaga/ljarskogar/>.

Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 12. september 2023 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Skrá um friðlýstar fornleifar. (1990). Fornleifanefnd. Sótt 22. september 2023 á: <https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>.

Smiðjur. Sótt 24. september 2023 á: <https://ferlir.is/smidjur/>.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Ljárskógar HJ: Örnefnalýsing Ljárskóga í Laxárdal. [Ekkert ártal]. Hallgrímur Jónsson frá Ljárskógum skráði.



Antikva ehf.

24/10/2023

Ljárskógar

Allar minjar

Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022

Þúst

159

Mörk skipuleggisvæðing

Antikva ehf.

24/10/2023

Ljárskógar

Tóft [159]

Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022



Antikva ehf.

24/10/2023

Ljárskógar

Minjar í miðhluta svæðisins

Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022



Antikva ehf.

24/10/2023

Ljárskógar

Minjar í miðhluta svæðisins

Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022



Antikva ehf.

24/10/2023

Ljárskógar

Minjar í norðurhluta svæðisins Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022



Antikva ehf.

Ljárskógar

Minjar í suðurhluta svæðisins Vettvangsskráning:

RTK
4. september 2022

24/10/2023